



Sauðárkróki, 28. apríl 2017

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggingastofnunar um tillögu til þingsályktunar um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga, mál 270.

Byggingastofnun styður að skipaður verði starfshópur til að móta tillögur um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga. Stofnunin telur að verkefni starfshópsins ætti að vera víðtækara en tillagan gerir ráð fyrir en í tillögunni er vísað til þess að opna á möguleika til að einstaklingar geti greitt hluta útsvars til sveitarfélags þar sem þeir eiga frístundahús eða jörð. Eðlilegt er starfshópurinn skoði einnig tilvik þar sem einstaklingur flytur lögheimili en samkvæmt núgildandi reglum fellur allt útsvar á flutningsárinu til annars sveitarfélagsins en skiptist ekki milli sveitarfélaganna fyrir og eftir flutning. Þá kemur einnig til álita að móta tillögur um skiptingu þar sem einstaklingur vinnur í öðru sveitarfélagi en þar sem hann á lögheimili.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
*Sérfræðingur á þróunarsviði
Byggingastofnunar.*

24.4.2017

Góðan daginn

Sendi hér umsögn bæjarráðs Fljótsdalshéraðs frá 24.04. 2017.

Kv. Stefán Bragason

201704043 - Tillaga til þingsályktunar um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga
Bæjarráð veitir ekki umsögn.



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Borg, 24. apríl 2017

Efni: Umsögn vegna þingsályktunartillögu um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga, 270. mál.

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 19. apríl s.l. var lögð fram beiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 10. apríl 2017 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á þingsályktunartillögu um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga, 270. mál.


Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps leggst gegn því að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar



SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPS

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri



Umsögn

Efni: Þingsályktunartillaga um um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga, 270. mál.
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Fjármálastjóri

Fyrir umhverfis- og samgöngunefnd alþingis liggur tillaga til þingsályktunar um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga. Í tillögunni er fjármála- og efnahagsráðgjafi falið að skipa starfshóp sem kanni möguleikann á skiptingu útsvarstekjum milli tveggja sveitarfélaga. Í greinargerð með tillögunni segir:

„Nokkuð er um að einstaklingar eigi frístundahús eða jörð, án þess að þar sé stundaður búskapur, í öðru sveitarfélagi en lögheimili er. Útsvarstekjur einstaklings renna til þess sveitarfélags þar sem hann á lögheimili og þar með renna engar útsvarstekjur til sveitarfélagsins þar sem frístundahús eða jörð viðkomandi er staðsett. Jafnvel getur verið um það að ræða að dvalið sé drjúgan hluta ársins á viðkomandi jörð eða í frístundahúsi og þá myndast oft krafa eða vænting um tiltekna þjónustu frá því sveitarfélagi þar sem jörð eða frístundahús er staðsett. Sem dæmi má nefna óskir um snjómokstur og ýmsa aðra þjónustu.“

Fjármála- og efnahagsráðgjafi Reykjavíkurborgar hefur verið falið að undirbúa umsögn um þetta mál.

Rétt þykir í þessu samhengi að benda á að samkvæmt 1. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga ber sveitarfélögum að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum. Sveitarfélögum hefur með lögum verið falin margvísleg verkefni gagnvart einstaklingum sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, s.s. hvað varðar félagsþjónustu og annarri grunnþjónustu. Sem dæmi má nefna að sveitarfélögum ber að samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 91/2008 skylda til að tryggja að skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, sem og börn sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturfóeldra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar í samræmi við ákvæði laganna.

Dvöl einstaklinga utan lögheimilissveitarfélags skuldbindur dvalarsveitarfélag allajafna ekki til að veita lögbundna þjónustu. Snjómokstur og ýmis önnur þjónusta sem nefnd er í greinargerð með tillögunni er ólögbundin þjónusta sem sveitarfélagið hefur val hvort og þá með hvaða hætti sú þjónusta er veitt. Þá er rétt að benda á að eigendur jarða og frístundahúsnæðis greiða fasteignaskatta af fasteignunum sem og önnur þjónustugjöld eftir því sem við á, s.s. vegna sorphirðu eða sorpeyðingar, vatns- og hitaveitu, seyrulosunar o.s.frv. Er því ljóst að sveitarfélög hafa nú þegar tekjur af jörðum og frístundabyggðum.

Með vísan til þess að dvalarsveitarfélag hefur ekki sömu skyldur gagnvart einstaklingum sem dveljast þar með sama hætti og lögheimilissveitarfélag er lagst gegn því að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588

Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður

Netfang: sfk@sfk.is – Veffang: www.seydisfjordur.is

Seyðisfirði 21.apríl. 2017

Alþingi
bt.Umhverfis-og samgöngunefndar Alþingis
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Efni: Útskrift úr fundargerð 2393. fundar bæjarráðs Seyðisfjarðarkaupstaðar 19.04.2017.

Eftirfarandi fært til bókar:

Miðvikudaginn 19.04.17 kom bæjarráð Seyðisfjarðar saman til fundar á skrifstofu bæjarins að Hafnargötu 44. Fundurinn hófst kl. 16:00.

Mætt: Margrét Guðjónsdóttir, Elfa Hlín Pétursdóttir og Vilhjálmur Jónsson sem ritaði fundargerð.


Dagskrá: Erindi

1.6.Alþingi 10.04.17. Þingsályktunartillaga um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga, 270. mál.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela fjármála- og efnahagsráðherra að skipa starfshóp sem kanni hvort unnt sé að skipta útsvarstekjum einstaklinga milli tveggja sveitarfélaga. Ráðherra hafi samráð við ráðherra sem fer með sveitarstjórnarmál og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Bæjarráð tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með tillögunni. Bæjarráð bendir jafnframt á að um leið væri skynsamlegt að horfa til eflingar tekjustofna sveitarfélaga með heildarsýn.

Virðingarfyllst,


Inga Þorvaldsdóttir.



Nefndasvið Alþingis

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Skagafjörður, 19.04.2017
nr. erindis 1704094 HSB

Á 781. fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar 12. apríl 2017 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Umsagnarbeiðni - þingsályktunartillaga um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga

Svofelld bókun var gerð:

Lagður fram tölvupóstur dagsettur 10. apríl 2017 frá nefndasviði Alþingis. Óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga, 270. mál. Tillagan hljóðar svo: Alþingi ályktar að fela fjármála- og efnahagsráðherra að skipa starfshóp sem kanni hvort unnt sé að skipta útsvarstekjum milli tveggja sveitarfélaga. Ráðherra hafi samráð við ráðherra sem fer með sveitarstjórnarmál og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar mælir með því að þessi starfshópur verði skipaður og skipting útsvarstekna skoðuð.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar


Helga S. Bergsdóttir
Stjórnsýsluritari